

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Blað allra Kópavogsbúa 2. september 2025

161. tbl. 23. árgangur

kopavogsbladid@kopavogsbladid.is



FYRSTI SKÓLADAGUR /4

Barnaskóli Kársness hefur göngu sína

Barnaskóli Kársness hefur tekið til starfa og var fyrsti skóladagur 26. ágúst. Mikil gleði ríkti í skólanum meðal nemenda og kennara enda langþráð stund runnin upp. Í tilefni dagsins heimsótti Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs skólann, hitti nemendur úr fjórða bekk sem sungu fyrir bæjarstjóra og góða gesti og skoðaði skólann undir leiðsögn Gerðar Magnúsdóttur skólustjóra. Barnaskóli Kársness er samrekin leik- og grunnskóli 1.til 4.bekkjara. Í honum eru tæplega 300 börn á grunnskólaaldri og 40 börn á leikskólaaldri og fjólgar leikskólarymum á Kársnesi sem því nemur.

Efnisyfirlit

■ Sumarbókasafn	2
■ Leikhúsið	5
■ Góð þjónusta	9
■ Skólamál	10



Stuttverkadagskrá Leikfélagsins /5



Tónlistarskólinn Tónsalir fagnar 20 ára starfsmafmæli /8



Ryki slegið í augu bæjarbúa /10

VILDARKORT
LIND
FASTEIGNASALA

Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá eftirfarandi fyrirtækjum

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra baki: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúger: 30% afsláttur af öllum innviðum. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Þarís: 30% afsláttur af öllum vörum nema innviðum. Z. Þrautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjarn: 30% afsláttur af hreinlætiskjúpum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Útfararþjónusta í þrjá áratugi

Sólarhringsþjónusta
581-3300
utforin@utforin.is
utforin.is

Við komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað.

Sverrir Einarsson
8968242

Jóhanna Eiríksdóttir
8968242

Andrés James
6625339

Samstarfsaðilar: Útfararstofa Hafnarfjarðar s. 565-5892 Útfararstofa Garðabæjar s. 565-0210

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

RÉTTUM OG SPRAUTUM ALLAR GERÐIR BÍLA

Smíðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

BÓKAÐU TÍMA

ALMENNAR VIÐGERÐIR
BILANAGREIÐING
SMÚRÞJÓNUSTA
TÍMAREIMASKIPTI
VÉLAR, GÍRKASSAR & SJÁLFSKIPTING

564 1180
BILVOGUR@BILVOGUR.IS
AUDBREKKA 17 • 200 KÓPAVOGI

BÍLVÖGUR
BILVOGUR.IS

Sérhæfum okkur í réttingum, plastviðgerðum og málun á öllum gerðum bifreiða

Gerum við fyrir öll tryggingarfélag, einstaklinga og fyrirtæki. Viðurkennt réttingarverkstæði.

Varmi
Við réttum og sprautum
Auðbrekku 14 Kópavogi - S. 564 2141
www.varmiehf.is

★★★★★
Kjötþúð í Kópavogi

Gæði á góðu verði

KJÖTVINNSLA

Smíðjuvegi 24-26 (rauð gata) - 200 Kópavogi - sími: 557 8833
kjothusid@kjothusid.is - www.kjothusid.is



BÚSETA

Nýr íbúðakjarni tekinn í notkun

Nýjasti íbúðakjarninn í Kópavogi í Kleifakór var nýlega vígður. Í kjarnanum eru sjö fullbúnar íbúðir með stuðningi fyrir fatlað fólk. Síðasti kjarni sem tekinn

var í notkun í bænum var í Fossvogsbrún sem opnaði árið 2022.

Kleifakór er eitt af nú heimilum velferðarsviðs fyrir fólk með fötlun en þegar allir íbúarnir hafa flust inn verða

alls 60 einstaklingar í búsetuþjónustu velferðarsviðs, að utankjarnabúðunustu meðtalinni.

Forstöðumaður íbúðakjarnans er Bryngerður Bryngeirsdóttir og afhenti Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri henni lykla við vígsluna.

Kópavogsbær hefur undanfarin ár tekið mikilvæg skref í búsetumálum fatlaðs fólks með lokun herbergjasambýla og fjölgun annarra búsetukosta.

Skóflustungan að Kleifakór var tekin í febrúar í fyrra og hafa framkvæmdir gengið vel. Sérverk sá um að byggja íbúðakjarnann sem stendur við Kleifakór 2.



Bryngerður Bryngeirsdóttir, forstöðumaður og Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri.



Jón Kristján Rögnvaldsson skrifstofustjóri, Sigrún Þórarinsdóttir, sviðsstjóri, Bryngerður Bryngeirsdóttir forstöðumaður, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri, Björg Baldursdóttir formaður velferðarráðs og Orri Hlökkversson, formaður bæjarráðs.



BÆKUR

Sumarbókasafn barnanna



Sumarið í barnadeild er tilseinkað lestrarhestum, bókasafnskisunni Glóriu og umhverfinu.

Sumarlesturinn

Í sumar býður Linda landnáms-hæna öllum börnum sem eru byrjuð að lesa í ævintýrlega svaðilförför um landið sitt – Terra Gallina. Á bókasafninu fá börn vegabréf og merkja við hvert skipti sem þau lesa í 15 mínútur eða meira. Fjórða hvert skipti lenda þau á stjörnu og geta þá fengið happamiða.

Við drögum út einu sinni í mánuði, í lok júní, júlí og ágúst. Nú þegar hafa 425 happamiðar skilað sér til okkar, sem þýðir að börnin hafa lesið í samtals 425 klukkustundir, og við erum í skýjunum að sjá hve dugleg börnin eru.

Þá er einnig sumarlestur unglinga í fullum gangi, en þau skila inn umsögnum og komast þannig í pott

og eiga möguleika á að vinna 10.000 kr. gjafabréf í Nexus. Dregið er út mánaðarlega og hafa þau þegar lesið 58 bækur.

Umhverfisofurhetjan

Bókasafn Kópavogs og Náttúrufræðistofa hafa slegið höndum saman og efnt til stórskemmtilegs verkefnis fyrir börn sem stendur yfir í allt sumar. Umhverfisofurhetjan er vitundarvakningarverkefni þar sem börn geta leyst fimm umhverfis-tengd verkefni og fá þá titilinn umhverfisofurhetja og karsafræ í verðlaun. Hægt er að nálgast nánari leiðbeiningar í barnadeild.

Sumarsmiðjur alla miðvikudaga

Alla miðvikudaga í sumar verður boðið upp á föndursmiðjur á aðalsafni í Hamraborg 6a og Lindasafni í Núpaland 7. Smiðjurnar eru notalegar samverustundir fyrir börn og fullorðna þar sem þemað er Glóría bókasafnskisa, hvort sem verið er að föndra kort, bókamerki eða grímur.



LEGSTEINAR

EYRARTRÖÐ 16, HAFNARFIRÐI



Opið: 11-16
alla virka daga
Verið velkomin

Bergsteinar

legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

ReSound Vivia

Fögnum náttúrulegri heyrn



HLÍÐASMÁRI 19, 2 HÆÐ • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 534 9600

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi:

Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.

Kópavogsblaðið slf, kt: 620513-1800

Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson
Sími: 899 3024
Netfang: audun@kopavogsbladid.is
Heimasíða: www.kopavogsbladid.is
Hönnun: Guðmundur Arnason
Netfang: kopavogsbladid.gummi@gmail.com
Prentun: Landsprent.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



FIMLEIKAR ERU FYRIR ALLA!

Íþróttafélagið Gerpla býður uppá fimleika
fyrir byrjendur og lengra komna á öllum aldri!



KRÍLAFIMLEIKAR
GRUNN- OG FRAMHALDSHÓPAR
HÓPFIMLEIKAR
FIMLEIKAR FYRIR FATLAÐA
PARKOUR
FULLORÐINSFIMLEIKAR
ÁHALDAFIMLEIKAR
FIMLEIKAR FYRIR ALLA

Fimleikar eru frábær grunnur fyrir allar íþróttir,
við hvetjum alla til að prófa!

Frábær félagsskapur,
framúrskarandi þjálfarar
og endalaus gleði sem fylgir því
að hreyfa sig við allra bestu aðstæður
sem finnast í Evrópu



UPPLÝSINGAR
gerpla.is
gerpla@gerpla.is

SKRÁNING
abler.io/shop/gerpla



Visitor
FERÐASKRIFSTOFA

HÓPFERÐ TIL MAASTRICHT 17. - 20. JÚLÍ 2026

ANDRE RIEU

Hamraborg 20 | 200 Kópavogur | Sími 578 9888 | visitor.is



35 ÁRA
REYNSLA

LENTIR ÞÚ Í TJÓNI?
VIÐ ÞJÓNUSTUM ÖLL TRYGGINGAFÉLÖG



Bílastjarnan
SPRAUTUN RÉTTINGAR
KLETTHÁLS 1A | 110 RÚK | S: 547 8484
WWW.BILASTJARNAN.IS



Lakkskemman
Bílamálun + Réttingar

Skemmuvegi 30, 200 Kópavogi,
sími: 557 4540, www.lakkskemman.is



SKÓLAMÁL

Barnaskóli Kársness
hefur göngu sína

Barnaskóli Kársness hefur tekið til starfa og var fyrsti skóladagur þriðjudaginn 26. ágúst. Mikil gleði ríkti í skólanum meðal nemenda og kennara enda langþráð stund runnin upp.

Í tilefni dagsins heimsótti Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs skólann, hitti nemendur úr fjórða bekk sem sungu fyrir bæjarstjóra og góða gesti og skoðaði skólann undir leiðsögn Gerðar Magnúsdóttur skólastjóra.

„Við erum afskaplega stolt af þessari skólabyggingu sem myndar glæsilega

umgjörð utan um gott og metnaðarfullt skólastarf. Ég er sannfærð um að nemendur, kennarar og starfsfólk allt eiga eftir að njóta þess að vera hér við nám og störf,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri.

Barnaskóli Kársness er samrekin leik- og grunnskóli 1. til 4. bekkjar. Í honum eru tæplega 300 börn á grunnskólaaldri og 40 börn á leikskólaaldri og fjölgar leikskólarymum á Kársnesi sem því nemur.

Fyrsti dagur í aðlögun barna í leikskólanum fór einnig fram en fyrst um sinn verður leikskólinn í rýmum sem

eru tilbúin meðan unnið er að því að ljúka álmunni sem hýsa mun leikskólann. Líf og fjör var á skólalóðinni sem er tilbúin að hluta til en unnið verður að lokafrágangi hennar næstu vikur.

„Þetta eru mjög spennandi tímamót fyrir skólastarf í Kópavogi, enda fyrsti samrekin leik- og grunnskóli bæjarins tekinn til starfa. Það er metnaður og eftirvænting í hópi nemenda og starfsfólks,“ segir Gerður Magnúsdóttir, skólastjóri.

Mynd úr sögu Kópavogs, ártal óþekkt og ljósmyndari óþekktur. Ljósmynd: Kópavogsbær.



SÖGUFÉLAG KÓPAVOGS

Aftur til fortíðar

Starfsemi Sögufélags Kópavogs er að fara í gang eftir sumarið og margt í boði. Myndgreiningarfundirnir í Bókasafni Kópavogs verða 8. okt., 12. nóv. og 10. des. Minna má á að sýning á tveimur myndum

Marteins Sigurgeirssonar undir heitinu Aftur til fortíðar verða í Salnum 10. sept. nk. kl. 20. Aðgangur er ókeypis en tryggja þarf miða með því að panta á Tix.is.

Verið er að vinna að útgáfu tveggja

rita á vegum félagsins með fróðlegu efni. Útgáfudagar verða ákveðnir síðar. Senn líður að aðalfundi og er verið að ganga frá ýmsu varðandi hann. Dagsetning og staðsetning verða kynnt síðar.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Elis Rúnarsson



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Leikfélag Kópavogs

Leikhús fyrir öll í vetur

í Leikhúsinu Funalind 2



Leikfélag Kópavogs



September

Leikdagskrá

Fljúgum hærra!

Eftir höfunda leikritasmiðju leikfélagsins

Október



Herbergi

213

eftir Jökul Jakobsson

Nóvember



Stuttverka

dagskrá



Leikhúskvöld á miðvikudögum

Meðal þess sem gert verður á leikhúskvöldunum verða spunaleikir og -æfingar, leiklestur og ýmsilegt fleira skemmtilegt.



Leikritasmiðja LK

Höfundahópur LK er með Leikritasmiðju í gangi í vetur á laugardögum kl. 10.00.

Öll sem hafa áhuga á að skrifa eru velkomin.



Leiklistarnámskeið

Leiklistarnámskeið er fyrirhugað í október. Áhugasamir mega þó melda sig strax með tölvupósti á lk@kopleik.is

Fjölbreytt dagskrá í haust og margt spennandi eftir áramót!



Leikfélag Kópavogs

Leikfélag Kópavogs er opið öllum áhugasömum um leiklist.

Nýjir félagar ávallt velkomnir.

Nánari upplýsingar og skráning í félagið á www.kopleik.is

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

GÍTAR
UKULELE
PÍANÓ
TROMMUR
RAFBASSI
SÖNGUR

“**Rytmískur
tónlistarskóli
þar sem þú
lærir að spila,
spinna og
koma fram**”

20 ÁRA
Tónsalir
Ögurhvarf 4A | Sími 534 3700

Upplýsingar og innritun
á www.tonsalir.is

•••••
KYNNING

Tónlistarskólinn Tónsalir fagnar 20 ára starfsafmæli

„Þegar skólinn var stofnaður var stefn-
an strax sett á að kenna á rytmísk
hljóðfæri eingöngu og bjóða uppá
að læra rymíska tónlist,“ segir Ólafur
Þór Kristjánsson stofnandi og skóla-
stjóri Tónsala. „Aðrir skólar voru
með klassískar áherslur eða kenndu
á lúðrasveitarhljóðfæri. Mér fannst að
það þyrfti að vera í boði fjölbreytni.
Einnig fannst mér augljóst að börn
og unglingar myndu hafa áhuga á
að læra á þessi hljóðfæri þar sem
þau standa þeim oft nærri frekar en
klassísk hljóðfæri. Ekki að það sé verið
að kasta rýrð á þau, heldur að það sé
þessi valmöguleiki.“

Margt hefur breyst á þessum
tuttugu árum frá því skólinn hóf
göngu sína í Bæjarlind 2 og síðar í
Bæjarlind 12. Núna er skólinn stað-
settur í Ögurhvarfi 4a, þar sem
aðstaðan er öll eins og best verður
á kosið. „Þó margt hafi breyst í ytri
aðstaðum þá eru grunngildin alltaf
þau sömu, tónlistarnám á að vera
skemmtilegt,“ segir Ólafur. „Okkar
starf hefur alltaf verið að efla okkar
nemendur og hjálpa þeim að auka
sitt sjálfstraust og gera þá að sterkum
einstaklingum. Það er aukabónus ef
það fæðast hæfileikaríkir starfandi
tónlistarmenn, sem hefur einnig
gerst á þessum tuttugu árum og er
alltaf gleðiefni að fylgast með þeim
einstaklingum. En það á aldrei að
vera höfuðmarkmið tónlistarkennslu.
Þessi tuttugu ár hafa í mínum huga
flogið á leifturhraða, þrátt fyrir fjöl-
margar áskoranir á þessum árum. Þar
ber helst að þakka að kennarahóp-
urinn hefur verið einstaklega sam-
rýmdur hópur, saman settur af einst-
aklega öflugum og góðu fólki. Lang-
flestir kennarar hafa verið hér yfir



14 ár og sá sem hefur verið lengst í
19 ár. Það er mikil gæfa að kennarar
hafa staldrað svona lengi við hérna
þannig vonandi hef ég verið að gera
eitthvað rétt.“

Í Tónsölum eru alltaf sömu
hljóðfærin sem njóta vinsælda, litl-
ar sveiflur hvað það varðar, að sögn
Ólafs. „Gítar og píanó hafa verið
vinsælast. Svo erum við að kenna á
trommur, bassa og söng. Næsta haust
verður bætt við kennslu á Ukulele
og Gítarlele sem er minni útgáfa af
gítar meðfærulegri fyrir litlar hendur.
Þessi hljóðfæri hentar sérlega vel fyrir
byrjendur, því þau eru lítil og létt
og einstaklega meðfæruleg. Þessi
hljóðfæri eru góður undirbúningur
fyrir krakkana sem eru að taka sín
fyrstu skref í tónlistarnámi og vilja
kynnast strengjafjölskyldunni.“

Hægt er að senda inn umsókn í
gegnum heimasíðuna tonsalir.is.

Sótt tilboð



6.390 kr.

15" pizza af matseðli og 15" margarita eða hvítlauksbrauð



6.490 kr.

Fjölskyldutilboð

Stór pizza með 2 áleggstegundum, miðstærð af hvítlauksbrauði, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.



2.990 kr.

Stór pizza

Stór pizza með 2 áleggstegundum



5.590 kr.

12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.



6.390 kr.

15" pizza með 2 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Hádegistilboð

2.490 kr.



12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



2.290 kr.

9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos

Castello
PIZZERIA

Pantaðu á netinu
castello.is
eða í síma 577 3333

Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu
Castello pizzeria | Lágmúla 7 | Dalvegi 2 | Dalshrauni 13

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Fyrirtæki og þjónusta í Kópavogi



**GÓÐ ÞJÓNUSTA
Í KÓPAVOGI**
Verslum í heimabyggð





BREIÐABLIK

VETRARSTARF 2025-2026



FRJÁLSAR
HLAUPAHÓPUR
KNATTSPYRNA
KRAFTLYFTINGAR

KARATE
SKÁK
SKÍÐI
SUND



Breiðablik býður upp á fjölbreytt íþróttastarf fyrir börn og fullorðna

- Byrjendur og lengra komna



RAFÍÞRÓTTIR
HJÓLREIÐAR
ÞRÍÞRAUT
KÖRFUBOLTI
TAEKWONDO

ÍÞRÓTTASKÓLI BREIÐABLIKS

hefst 6. september

Íþróttaskóli Breiðabliks er fyrir börn á aldrinum 2-5 ára þar sem boðið er upp á fjölbreytt og markvisst hreyfinám.

Laugardagar kl. 9:00-9:50 (2022 og 2023)
Laugardagar kl. 10:00-10:50 (2020 og 2021)



10 tíma kort: 18.000 kr.

5 tíma kort: 9.500 kr.

Sjá nánar: breidablik.is/ithrottaskoli



SKÓLAMÁL

Framtíð nemenda í fyrsta sæti

Viðtækt samráð um umbætur í grunnskólum Kópavogs



Kópavogsbær hyggst svara ákalli foreldra, kennara og nemenda um að efla enn frekar gæði náms og kennslu. Stöðu- og framvindupróf (Matsferill Miðstöðvar menntunar og þjónustu, MMS), samstarf um þróun á nýju námsumsjónarkerfi og samræmt námsmat er meðal þeirra aðgerða sem farið verður í. Í kjölfar viðtæks samráðsferlis haustið 2024, þar sem rætt var við yfir 300 skólastjórnendur, kennara, nemendur og foreldra í öllum tíu grunnskólum bæjarins, liggja nú fyrir 16 umbótaaðgerðir sem svara skýrt ákalli skólasamfélagsins, nemenda og foreldra.

Á meðal lykilaðgerða eru innleiðing samræmdra stöðu- og framvinduprófa í 4.-10. bekk í öllum skólum Kópavogs, þróun nýs námsumsjónarkerfis sem veitir betri yfirsýn yfir námsframvindu og skýrara námsmat með áherslu á uppbyggilega endurgjöf. Þá er áhersla lögð á að fjölga fagmenntuðum kennurum og styðja við helgun kennara í starfi.

„Með þessum aðgerðum viljum við tryggja að skólar í Kópavogi séu áfram í fremstu röð og leiðandi í umbótum í skólastarfi. Ég heyrði í heimsóknnum mínum sterkt ákall þess efnis að foreldrar og nemendur vilji fá betri mynd af stöðu og framvindu í námi. Því munu nemendur í Kópavogi fara ár hvert í samræmd stöðu- og framvindupróf frá 4.-10.bekk og nýttast niðurstöður þeirra kennurum, nemendum og foreldrum til að styðja betur við nám og framfarir nemenda. Við leggjum sérstaka áherslu á að fjölga fagmenntuðum kennurum og styrkja samstarf heimilis og skóla. Við hlustum á skólasamfélagið og foreldra og erum nú að bregðast við með markvissum og faglegum hætti,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs.

Meðal þeirra aðgerða sem ráðist verður í eru:

Samræmd stöðu- og framvindupróf – Matsferill MMS: Frá og með vori 2026 verða stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði lögð fyrir árlega í 4.-10. bekk í öllum grunnskólum Kópavogs. Niðurstöðurnar verða markvissar nýttar til að greina námslega stöðu nemenda og auðvelda kennurum að bregðast við í samræmi. Foreldrar fá jafnframt skýrari og betri upplýsingar um námsstöðu barna sinna.

Nýtt námsumsjónarkerfi: Kópavogsbær hefur hafið samstarf um þróun á heildstæðu námsumsjónarkerfi. Tilraunakeyrsla á því hefst í öllum skólum í Kópavogi í haust í samstarfi við skólastjórnendur, kennara og foreldra. Ef reynslan verður jákvæð verður kerfið tekið í notkun haustið 2026.

Skýrara námsmat: Áhersla verður lögð á að auka samræmi milli skóla við framkvæmd námsmats og aukin áhersla verður á umsagnir og leiðbeinandi námsmat. Lokamat í 10. bekk verður endurmetið.

Fjölga faglærðum kennurum: Heildstæð áætlun um símenntun verður unnin í samstarfi við kennara og skólastjórnendur, með áherslu á greinar þar sem kennaraskortur er mestur. Þá verður lögð áhersla á að styðja og hvetja leiðbeinendur sem hafa áhuga á kennaranámi til að hefja nám og laða að faglærða kennara sem vilja snúa aftur til kennslu.

Aðrar umbætur: Heildstæð læsisáætlun verður innleidd í leik- og grunnskólum og frístundastarfi. Áfram verður unnið að eftirfylgni með reglum um skólasókn og símanotkun í skólastarfi, auk móttökuferla fyrir börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þá verða öryggi og aðgengi að skólahúsnæði og skólalóð sérstaklega skoðuð.

Hlutverk foreldra

Í samráðsferlinu komu fram ábendingar frá foreldrum sem hafa tekið þátt í að móta umbótatillögurnar, og áfram verður leitað til þeirra í innleiðingarferlinu. Kópavogsbær hvetur foreldra til að taka þátt í umræðum, veita endurgjöf og nýta þau tæki og töl sem verða í boði til að styðja við nám barna.

Foreldrar gegna lykilhlutverki í að styðja við nám barna sinna og eiga að hafa skýra yfirsýn yfir námsstöðu þeirra. Með því að innleiða samræmd stöðu- og framvindupróf samkvæmt Matsferli MMS skapast traustari grunnur fyrir foreldra og skóla til að fylgjast með framvindu og styðja börnin markvissir í náminu. Það er því fagnaðarefni að Kópavogsbær hyggist stíga þetta mikilvæga skref strax á næsta ári og bæta um betur með því að hafa prófin árlega í öllum skólum bæjarins. Ég hlakka einnig til að prófa nýtt námsumsjónarkerfi og treysti því að það verði til þess að efla enn frekar gott samstarf milli heimila og skóla, segir Karen Rúnarsdóttir, formaður stjórnar Samkóp og fulltrúi foreldra í samráðshópi umbótaverkefna.

Hlutverk kennara

Til að styðja kennara í þessu hlutverki mun Kópavogsbær leggja enn meiri áherslu á símenntun og þróun námskeiða sem byggja á þörfum kennara og skólasamfélagsins. Sérstök áhersla verður lögð á greinar þar sem skortur er á kennurum, svo sem í náttúrufræði og stærðfræði. Þá verða kennarar virkir þátttakendur í þróun og innleiðingu nýs námsumsjónarkerfis.

„Við í kennarasamfélaginu fögnum aðgerðum til umbóta í skólamálum í Kópavogsbæ. Við blasir að kennarar munu gegna lykilhlutverki í að hrinda umbótunum í framkvæmd og mikilvægt að halda áfram samráði við skólastjórnendur, kennara og foreldra til að tryggja að þær skili raunverulegum árangri. Tækifæri felast í aðgerðum sem þessum til að aðlagja betur kennslu að ólíkum þörfum nemenda og veita uppbyggilega og hvetjandi endurgjöf í námsmati,“ segir Brynjar Marínó Ólafsson, skólastjóri Snælandsskóla.

Tillögurnar í heild sinni eru aðgengilegar á vef Kópavogsbæjar.



AÐSENT

Ryki slegið í augu bæjarbúa

Bæjarstjórnin í Kópavogi sendi frá sér fréttatilkynningu um óstaðfest sex mánaða uppgjör sveitarfélagsins. Hughrifin af fréttatilkynningunni eru að hún ein hafi skilað hundruðum milljóna króna í plús vegna hagræðingar í rekstri. Það er hvergi rökstutt.

Á þessu kjörtímabili fékk bæjarstjórn það verkefni að úthluta lóðum í Vatnsendahvarfi. Verkefni sem verið hefur í undirbúningi undanfarin fimm ár. Aldrei er gert ráð fyrir tekjum afsölu byggingarréttar í fjárhagsáætlun og þess vegna eru allar byggingarréttartekjur sem innheimtast „umfram áætlun“.

Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar



Theodóra S. Þorsteinsdóttir
Oddviti Viðreisnar í Kópavogi.

gerði ráð fyrir rekstrarhalla upp á 228 milljónir króna af samstæðunni.



MENNING

Metaðsókn í menningarhús Kópavogs



Aðsókn í menningarhúsin í Kópavogi jókst verulega sumar samanborið við síðasta sumar. Aukninguna má meðal annars rekja til vel heppnaðra breytinga á menningarmiðju Kópavogs vorið 2024, sem hefur slegið í gegn.

„Við erum stolt og ánægð með þá aðsókn sem hefur verið í menningarhúsin í sumar. Það er ljóst að gestir kunna vel að meta framboð viðburða, fjölbreytta og skemmtilega gæðadagskrá sem boðið er upp á í okkar glæsilegu húsum. Þá hafa breytingarnar á menningarmiðjunni, endurnýjaðri Náttúrufræðistofu og barnabókadeild bókasafnsins, mælst afar vel fyrir,“

segir Soffía Karlsdóttir forstöðumaður menningarmála í Kópavogi.

Aðsóknartölur í Gerðarsafni sýna rúmlega tvöfalda aukningu á gestaheimsóknnum þetta sumarið miðað við sömu mánuði í fyrra, eða úr 15.000 gestum í 32.000 gesti. Má það meðal annars rekja til geysivinsælla sýninga á verkum Barböru Árnason og Guðrúnar Berg. Í safninu voru líka starfræktar smíðjur fyrir börn sem voru afar vel sóttar. Safnverslun Gerðarsafns hefur vaxið fiskur um hrygg svo um munar og einnig má nefna að gestafjöldi í Krónikuna tvöfaldaðist frá sama tíma á síðasta ári.

Í bókasafninu er jafnan líf og fjör og merkjanlegt að gestir nýta sér safnið ekki einvörðungu til að ná sér í les-

Afkoman er hins vegar 599 milljónir í plús. Fréttatilkynningin gefur til kynna að afkoma bæjarins hafi batnað um 827 milljónir króna frá því áætlunin var gerð án þess að útskýra hvers vegna.

Staðreyndin er sú að tekjufærðar eru væntar eins skiptis tekjur upp á 1.317 milljónir króna vegna byggingarréttar sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Mögulega eru þær ekki komnar í kassann en reiknaðar í topp sem sérstök ráðdeild.

Hins vegar er rétt að varpa ljósi á að vegna framúrkeyrslu í rekstri Kópavogsbæjar þá þurfa tekjur af byggingarrétti að dekkja rekstrarhalla bæjarins. Ef 1.317 milljón króna tekjur sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun eru hluti af sex mánaða uppgjöri og áætlunin gerði ráð fyrir 228 milljóna króna halla þá ætti niðurstaðan a.m.k. að vera 1.089 milljónir ekki satt?

Í þessari nýjustu upphrópun bæjarstjórans í Kópavogi eru viðmiðin valin til að styðja við afar háværar og villandi yfirlýsingar um það sem kallað er skilvirkur og hagkvæmur rekstur.

efni heldur dvelur það lengur á safninu eftir gagngerar breytingar sem safnið hefur undirgengist á undanförnum árum. Greinilegt er að gestir kunna að meta aðstöðuna og velja þarf frá morgni til kvölds við lestur og leik. Í júlímánuði einum sóttu 2.000 fleiri gestir bókasafnið heim miðað við sumarið fyrra.

Aukin aðsókn í Náttúrufræðistofu Kópavogs helst í hendur við aðsóknina í bókasafnið enda bæði söfnin staðsett í sömu byggingu. Aðsóknin þar fór úr tæplega níttján þúsundum í 22.400 gesti. En í báðum söfnunum var boðið upp á spennandi smíðjur fyrir börn meira og minna alla daga sumarsins.

Salurinn tók líka hástökk í aðsókn yfir sumartímann en gestaheimsóknnum fjölgaði þar um tæp 50% á milli ára. Sumartónleikar Salarins sem menningar- og mannlífsnefnd stykir og eru ókeypis njóta sívaxandi vinsælda og var stappað út úr dyrum á hverja og einustu þeirra. Í sumar varð algjör aðsóknarsprengja á sumartónleikana og fjölgaði gestum úr tæpum 600 í tæpa 1.200 eða um rúman helming.

Starfsfólk menningarhúsanna undirbyr nú af kappi dagskrá haustsins og vetrarins og verður af nógu að taka eins og endranær. Þann 13. september verður blásið í lúðrana og dagskrá húsanna kynnt með pompi og pragt á Karnivali í Kópavogi þar sem í boði verður fjölbreytt skemmtidagskrá fyrir börn og fullorðna. Dagskráin verður kynnt síðar en fólk hvatt til að taka daginn frá.



VILTU VERA MEÐ?

Nýtt starfsár hjá Samkór Kópavogs



Líkt og í tæp 60 ár hefur Samkórinn upp raust sína á fyrstu læfingu haustsins mánudaginn 1. september. Það er alltaf tilhlökkunarefni hjá kórfélögum að hittast á ný eftir sumarleyfi og má segja að tilfinningin sé svipuð og þegar bekkjar-

félagar koma saman að hausti. Hittast fagnandi, tilbúnir að takast á við ný verkefni og uppskera að lokum.

Samkór Kópavogs var stofnaður í október árið 1966 af söngglöðum Kópavogsbúum, kórinn heldur því upp á 60 ára afmæli sitt á næsta

ári. Hefð er fyrir því að kórinn haldi tónleika bæði á aðventu og að vori. Í tilefni afmælisins heldur kórinn í söngferð til Ítalíu í júní á afmælisárinu og stefnir að glæsilegum afmælistónleikum í október. Sannarlega spennandi tímar framundan.

Söngstjóri Samkórsins er Lenka Máteová. Það var mikill fengur að fá hana til starfa en hún hefur stýrt kórnum s.l. tvö ár. Núverandi formaður kórsins er Sigríður V. Finnsdóttir.

Það er talið vísindalega sannað að það að syngja í kór sé mannbætandi, bæði hollt fyrir andlega og líkamlega líðan. Líklega geta allir kórsöngvarar tekið undir þetta.

Viltu vera með?

Samkórinn fagnar ávallt nýjum söngfélögum í kórinn og nú er tækifæri til að bætast í hópinn hvort sem þú ert sópran, alt, tenór eða bassi.

Ef þú hefur góða söngrödd og langar að taka þátt í skemmtilegum og metnaðarfullum kór þá endilega sláðu til og komdu í raddprufu. Hafðu samband við Siggú formann í síma 840-3328 eða sendu tölvupóst á samkor@samkor.is Kóræfingar eru á mánudögum á milli kl. 19 – 21.30 í Digraneskirkju.



Vigdís Jakobsdóttir, verkefna- og viðburðarstjóri menningarmála í Kópavogi.

MENNINGARMÁL

Vigdís Jakobsdóttir nýr verkefnastjóri menningar í Kópavogi

Vigdís Jakobsdóttir hefur verið ráðin verkefna- og viðburðastjóri menningarmála í Kópavogi. Vigdís á að baki glæstan feril í menningarstjórnun hérlandis en hún var listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík á árunum 2016-2024. Hún situr í stjórnunum Þjóðleikhúsráðs, Miðstöðvar barnamenningar, Sviðslistamiðstöðvar og Listaháskólans og hefur auk þess sinnt fjölbreyttum störfum er snúa að list og menningu undanfarin ár bæði hérlandis og erlendis. Vigdís lærði leikstjórn við Háskólann í Kent í Canterbury og er með diplómu í kennslufræði fyrir háskólakennara frá HÍ. „Það er stórkostlegur fengur fyrir menningarlífið í Kópavogi að fá jafn reynslumikinn stjórnanda í starf verkefna- og viðburðastjóra menningarmála í Kópavogi og Vigdís

Jakobsdóttur. Reynsla hennar og þekking á eftir að setja svip á menningarlíf bæjarins og hún mun smella passa í þann öfluga hóp forstöðumanna og starfsmanna menningarmála sem nú er þar fyrir,” segir Soffía Karlsdóttir forstöðumaður menningarmála í Kópavogi. Mikill áhugi var á starfinu en alls sóttu 113 um stöðuna. Vigdís Jakobsdóttir segist afar þakklát fyrir að fá tækifæri til að starfa að menningarmálum í Kópavogi. „Að auka aðgengi að listum og menningu fyrir sem fjölbreyttasta hópa samfélagsins er mér hjartans mál. Ég hef fylgst af aðdáun með þeirri öflugu uppbyggingu sem átt hefur sér stað í menningarlífi Kópavogs á undanförunum árum og hlakka til að vinna með því frábæra fagfólki sem starfar í menningarhúsum bæjarins.” Vigdís hefur störf þann 1. september.

SKÓLAMÁL

Gerður Magnúsdóttir skólastjóri Barnaskóla Kársness

Gerður Magnúsdóttir, skólastjóri Barnaskóla Kársness.



Gerður Magnúsdóttir hefur verið ráðin skólastjóri Barnaskóla Kársness. Skólinn er samrekin leik- og grunnskóli fyrir nemendur á yngsta stigi grunnskólans. Skól-inn er sá nýjasti í Kópavogi og ellefti grunnskóli bæjarins. „Það er spennandi að fá að stýra nýjum skóla í Kópavogi, þeim fyrsta sem er samrekin leik- og grunnskóli. Ég hlakka til að taka á móti nemendum og vinna með samhentum hópi kennara og starfsfólks Barnaskóla Kársness,” segir Gerður.

Gerður hefur starfað í leikskólanum Sóllhvörfum í Kópavogi frá árinu 2014, lengst af sem aðstoðarskólastjóri og fjögur ár sem leikskólastjóri. Hún starfaði einnig hjá Landvernd í þrjú ár sem verkefnisstjóri Græn-fánaverkefnis skóla. Á árunum 2008-2011 gegndi hún starfi deildarstjóra á leikskólanum Urðarhóli auk þess að starfa í nokkur ár á leikskólum í Noregi meðan hún var búsett þar. Gerður var ráðin í stöðu aðstoðarskólastjóra Barnaskóla Kársness í febrúar og hefur samhliða gegnt stöðu

skólastjóra vegna afleysingar. Hún hefur því unnið ótullega að undirbúningi opnunar nýs skóla í samstarfi við kennara, stjórnendur og annað samstarfsfólk í skólanum. Gerður lauk M.Ed gráðu í stjórnun menntastofnana árið 2022 og B.Ed gráðu í leikskólakennarafræðum árið 2006 frá Háskóla Íslands. Einnig hefur hún lokið viðbótarnámi í stjórnun þróunarverkefna og menntun yngri barna frá Högskolen í Oslo.

Sótt tilboð



6.390 kr.



15" pizza af matseðli og 15" margarita eða hvítlauksbrauð



6.490 kr.



2.990 kr.

Fjölskyldutilboð

Stór pizza með 2 áleggstegundum, miðstærð af hvítlauksbrauði, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Stór pizza

Stór pizza með 2 áleggstegundum



5.590 kr.

12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

6.390 kr.

15" pizza með 2 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Hádegistilboð

2.490 kr.



12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



2.290 kr.

9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



Pantaðu á netinu
castello.is
eða í síma 577 3333

Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu
Castello pizzeria | Lágmúla 7 | Dalvegi 2 | Dalshrauni 13



Marína Ósk var frábær í Kópavogsdalnum. Ljósmyndir: Vaka Margrét Gylfadóttir.



Sælir gestir í Lautarferð.

● ● ● ● ●

MANNLÍF

Lautarferð í sumar

Í sumar voru haldnir tvennir svokallaðir lautarferðartónleikar í Kópavogi. Tónleikaröðin heitir Lautarferðin og voru tónleikar haldnir 13. júlí og 10. ágúst. Boðið var upp á á ljúfa tóna í grennd við tvö frábær útivistasvæði Kópavogs. Fyrri viðburðurinn var haldinn í Vinabæjarlundi í Kópavogsdal fyrir neðan Digraneskirkju og sá síðari í Rósagarðinum í Fossvogsdal, Kópavogsmegin. Margrét G. Thoroddsen er skipuleggjandi þessara viðburða og eru þeir

styrktir af Menningar- og mannlífnefnd Kópavogs. „Lautarferðin er hugmynd sem ég fékk eftir að hafa upplifað og séð almenningsgarða og svæði í Evrópu fulla af lífi og menningu,“ segir Margrét. „Mér fannst vanta slíkt á Íslandi en við erum vissulega með garðana og svæðin. Menningarviðburðir yfir sumartímann eru ekki margir. Ég sá fyrir mér fólk koma saman í hverfisgördunum með teppi og nesti, fara í sólbað og hlusta á tónlist. Það þurfti

eitthvað til að byrja að draga fólk að gördunum. Til dæmis lifandi tónlistarflutning. Ég ákvað að senda umsókn um styrk til Menningar- og mannlífnefndar Kópavogs um útítónleikaröð á útisvæðum Kópavogs. Ég hlaut styrk og úr varð Lautarferðin.“ Tónlistarfólkið sem kom fram voru Marína Ósk, Unnur Malín og Silja Rós ásamt fleirum. Þær spiluðu allar frumsamda tónlist sem fékk að njóta sín í náttúrulegu og afslöppuðu umhverfi.



Notaleg stemning í veðurbliðu.



Unnur Malín var frumleg og flott.



Sælir gestir í Lautarferð.



Sumir voru með meiri metnað en aðrir í að útbúa nesti.



Silja Rós söng fallega í Rósagarðinum.



Metnaðarfullt nesti á Lautartónleikum í Kópavogsdal.

BAKAÐ TIL GÓÐS

Bakstursmaraðon á Kársnesi

Hjónin Guðmundur og Lilja á Kársnesinu eru oft að bralla eitthvað sniðugt og héldu þau til að mynda bakstursmaraðon á heimili sínu í september 2016. Þá var bakað í sólarhring frá laugardegi til sunnudags undir styrkri verkstjórn bakstursbloggsins Blaka, blaka.is og safnaðist rúm hálf milljón fyrir Kraft, félag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein.

Nú, níu árum síðar, ætla þau að endurtaka leikinn og baka í sólarhring frá klukkan 12 á hádegi laugardaginn 6. september til klukkan 12 á hádegi sunnudaginn 7. september til styrktar Berginu headspace. Þetta maraðon fæðist þó út frá mikilli sorg og áfalli sem hjónin og börn þeirra urðu fyrir í byrjun árs þegar að fóstursonur þeirra, Guðni Alexander Snorrason, lést aðeins tvítugur að aldri. Dagsetning maraðonsins er engin tilviljun en Guðni yrði 21 árs 9. september næstkomandi og því er þetta hans afmælishelgi.

„Guðni var yndislegur drengur en fékk léleg spil á hendi strax við fæðingu, eintóma hunda. Kerfið, sem á að vernda börn þessa lands, brást honum algjörlega trekk í trekk og svo fór sem fór. Guðni er ekkert einsdæmis en það er sorglega algengt að börn og ungmenni týni sínu lífi hér á landi út af vanrækslu foreldra og kerfisins. Við ætlum því að baka fyrir Guðna og öll hin börnin sem gleymast,” segir Guðmundur og Lilja tekur í sama streng.

„Við völdum Bergið headspace því okkur finnst hugmyndafræðin æðisleg og starfsfólkið sem vinnur þar er með gríðarmikla ástríðu fyrir velferð



Guðni Th. Jóhannesson, sem þá var forseti, kíkti á þau Lilju og Guðmund síðast þegar þau héldu bakstursmaraðon.

barna og ungs fólks í þessu landi. Í Berginu eru allir á aldrinum 12 til 25 ára velkomnir og ekkert vandamál of stórt eða lítið, hvort sem það er fyrsta ástarsorgin eða erfiðar heimilis- aðstæður. Vonandi náum við að slá met fyrra bakstursmaraðons og safna eins og vindurinn fyrir Bergið og halda þannig minningu Guðna á lofti. Það má segja að þetta sé okkar leið til að minnast hans og snúa fyrsta afmælisdeginum án hans upp í eitthvað gleðilegt og jákvætt.“

Bakstursmaraðonið verður með svipuðu sniði og síðast; hjónin opna dyrnar í Melgerði 21 á Kársnesinu í Kópavogi stundvíslega klukkan 12 á hádegi á laugardeginum og þá hefst baksturinn og kaffiuppáhellingin. Allir eru velkomnir þennan sólarhring sem maraðonið varir og geta gætt sér á kökum, kruðeríi og kaffi. Þeir sem eru aflögufærir geta styrkt Bergið með frjálsum framlögum með bankainnleggi, reiðufé eða kortafærslu en þeir sem sjá sér ekki fært að veita peninga-

styrki sýna málefninu stuðning með því að mæta á maraðonið og láta alla og ömmu þeirra vita af því. Breiða boðskapinn út sem viðast. Í síðasta maraðoni var gestagangur allan sólarhringinn, meira að segja um miðja nótt, og lögðu mörg hundruð manns leið sína í herlegheitin sem endaði með því að Lilja grét með forsetanum í litla eldhúsinu í Melgerði.

„Við ætlum að gera enn betur núna og fá fleiri í heimsókn. Við ætlum að bæta í vöfflujárnin og kaffivélarnar til að tryggja að það verði alltaf eitthvað á borðum því síðast var það oft mikið kapphlaup að koma veitingum á borðið. Sumar vöfflurnar fóru nánast beint úr járn í munn,” segir Lilja en stærstu styrktaraðilar maraðonsins eru Hagkaup og Ormsson. Guðmundur bætir við að þau séu opin fyrir alls konar uppákomum á meðan á maraðoninu stendur.

„Ef að til dæmis skemmtikraftar vilja koma og sýna okkur stuðning með söng, dans eða annars konar list er það hjartanlega velkomid.“



Æfingar hjá Tennisfélagi Kópavogs

Fjölbreyttir æfingatímar fyrir börn og unglinga Allir krakkar eru velkomnir í prufutíma

Padelæfingar fyrir unglinga



Skráning og nánari upplýsingar um æfingar TFK



Tennisspaðar og boltar á staðnum Gott að mæta í íþróttaskóm og íþróttafötum

Hægt er að velja um æfingatíma og fjölda æfinga á viku

Æfingar hefjast 1. september

Upplýsingar um æfingar á TFK.is



OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

GÍTAR

UKULELE

PÍANÓ

TROMMUR

RAFBASSI

SÖNGUR

“
Rytmískur
tónlistarskóli
þar sem þú
lærir að spila,
spinna og
koma fram

20 ÁRA
Tónsalir
Ögurvargar 4A | Sími 534 3700

Upplýsingar og innritun
á www.tonsalir.is

.....
GÖTULEIKHÚSIÐ

Götuleikhúsið í Kópavogi sýnir Leitina að regnboganum fyrir leikskólabörn



Götuleikhúsið í Kópavogi stendur nú fyrir nýrri leiksýningu fyrir leikskólabörn bæjarins. Sýningin ber heitið Leitina að regnboganum og er sett upp innandyrna í leikhúsi Götuleikhússins.

Leikritið fjallar um að þora að prófa nýja hluti, sýna hugrekki og fagna fjölbreytileikanum – bæði í litum og í lífinu sjálfu. Börnin fá að fylgja litríkum persónum í ævintýralegru og skemmtilegri ferð þar sem þau uppgötva mikilvægi þess að vera maður sjálfur og láta ljós sitt skína.

Sýningin er sérstaklega unnin með yngstu áhorfendurnar í huga og býður upp á leikgleði, tónlist og líflega fram-

setningu sem fangar athygli og ímyndunarafli barnanna.

Með þessu framtaki heldur Götuleikhúsið áfram að efla menningarlegt aðgengi leikskólabarna og skapa vettvang þar sem listir, leikur og lærdómur fara saman.



GÓÐ ÞJÓNUSTA

— í Kópavogi —



GLUGGAVINIR

Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur
Sími: 571 0888, www.gluggavinir.is



Arion banki



RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m, Kópavogi
www.bilarogtjon.is

RÍ RÍÐAN

Smiðjuvegi 14, Græn gata,
200 Kópavogi
www.bilrudan.is
S: 552 5755



Dalvegi 24, 201 Kópavogur
S: 571 7030, www.car-med.is



Vinum fyrir öll tryggingafélög

Dalvegi 18, 201 Kópavogur
S: 5711133

Flutningsþjónusta
Mikaels


Flytjum það sem
þú vilt flytja

Kársnesbraut 87, 200 Kópavogur
S: 894 4560, www.flytja.is

REYKOFNINN EHF.

Smiðjuvegi 14 (bleik gata),
S: 557 2122,
info@reykofninn.com,
reykofninn.is

Sýnum tillitssemi og klippum trjágróður frá stéttum og stígum



Við hvetjum íbúa til að huga að trjágróðri við lóðarmörk

Gróður sem vex út fyrir lóðarmörk getur þrengt að umferð og nauðsynlegri þjónustu á göngustígum, gangstéttum og götum og dregið úr öryggi vegfarenda. Þá þarf að snyrta gróðurinn þannig að allir komist ferða sinna án hindrana. Einnig þurfa umferðarmerki að sjást vel og gróður má ekki byrgja götu- og stígalýsingu.

Lóðarhafa er samkvæmt byggingarreglugerð skylt að halda vexti trjáa og runna á lóðinni innan lóðarmarka.

Ábendingum um trjágróður sem er „til vandræða“ skal koma á framfæri með að senda inn ábendingu á ábendingavef Kópavogsbæjar af heimasíðu Kópavogs – www.kopavogur.is/is/abendingar



Kópavogsbær

kopavogur.is

Förum
varlega
í umferðinni



GÆTUM

ÆÐ YNGSTU VEGFARENDUM Í UMFERÐINNI,
SÉRSTAKLEGA Í GRENND VIÐ SKÓLA



VATNSENDASKÓLI



KÁRSNES
SKÓLI



Kópavogsskóli



ÁLFHÓLSSKÓLI



Snælandsskóli



KÓRASKÓLI



TÓNLISTARSKÓLI
KÓPAVOGS



Smáraskóli



SALASKÓLI



HÖRÐUVALLASKÓLI



Lindaskóli

